



# KEPPNISSKILMÁLAR UM LEIKHRAÐA Á STIGAMÓTARÖÐINI 2019

Eftirfarandi skilmálar um leikhraða gilda á mótarið þeirra bestu árið 2019, skv. reglu 5.6b.

## A. Heimilaður tími

Skilgreindur hefur verið hámarkstími til að ljúka hverri holu, m.t.t. lengdar og annarra þátta sem hafa áhrif á leik holu. Hámarkstími til að ljúka 18 holum verður auglýstur áður en keppni hefst.

Skilgreining á „Úr stöðu“:

Fyrsti ráshópur og ráshópar sem ræstir eru fyrstir eftir hlé á ræsingu teljast vera „úr stöðu“ ef, hvenær sem er á meðan leik stendur, leiktími ráshópsins er lengri en samanlagður hámarkstími þeirra hola sem hafa verið leiknar. Aðrir ráshópar teljast vera „úr stöðu“ ef þeir eru meira en einu rástímabili á eftir ráshópnum á undan og leiktími þeirra er lengri en samanlagður hámarkstími þeirra hola sem hafa verið leiknar.

## B. Þegar ráshópur er úr stöðu

1. Ef ákveðið er að tímamæla ráshóp getur sérhver keppandi í ráshópnum búist við að vera tímamældur af dómara. Öllum keppendum í ráshópnum verður tilkynnt að þeir séu „úr stöðu“ og verði tímamældir.
2. Hámarkstími fyrir hvert högg er 40 sekúndur. 10 viðbótarsekúndur eru heimilaðar fyrir fyrsta keppanda sem leikur:
  - á þar 3 holu;
  - innáhögg; og
  - vipp eða pútt

Tímamæling hefst þegar keppandanum hefur gefist nægur tími til að fara að bolta sínum, komið er að honum að leika og hann getur leikið án truflunar.

Á flöt hefst tímamæling þegar keppandanum hefur gefist hæfilegur tími til að lyfta, hreinsa og leggja bolta sinn aftur, lagfæra boltafór og fjarlægja lausung úr púttlínu sinni.

Tími við að skoða púttlínuna telst hluti af þeim tíma sem leikmanninum er heimill til að pútta boltanum.

3. Tímamælingu lýkur þegar ráshópurinn er ekki lengur „úr stöðu“.

**Athugið:** Í sumum tilfellum mun dómari einungis tímamæla einn eða tvo leikmenn í ráshópi.

## C. Ef ráshópur er aftur úr stöðu í sömu umferð

Ef ráshópur er „úr stöðu“ oftari en einu sinni í sömu umferð mun ferlið hér að framan eiga við í hvert sinn. Tímar umfram hámarkstíma og beiting víta teljast áfram innan sömu umferðar. Keppandi hlýtur ekki refsingu ef hann mælist umfram hámarkstíma í annað sinn, ef ekki hefur náðst að tilkynna honum um fyrra tilvik. Þ.

## D. Handahófskennd tímamæling

Dómari getur hvenær sem er tímamælt leikmenn án aðvörunar, jafnvel þótt ráshópurinn sé ekki úr stöðu.

Þyði leikmaður meira en 60 sekúndum frá því að hann telst tilbúinn að slá bolta sinn og þar til hann greiðir högg telst hann hafa leikið umfram hámarkstíma. Leikmanni gefast 10 aukasekúndur ef hann er fyrstur í ráshópnum til að leika upphafshögg á þar 3 holu, innáhögg á flöt, vipp við flöt eða pútt.

## E. Víti fyrir brot á keppnisskilmálum

### 1 tímamæling umfram hámarkstíma:

Keppandi fær aðvörun frá dómara og er tilkynnt að mælist hann aftur umfram hámarkstíma hljóti hann refsingu.

### 2 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Eitt högg í víti (högggleikur) eða holutap (holukeppni).

### 3 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Tvö viðbótarhögg í víti (högggleikur) eða holutap (holukeppni).

### 4 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Frávísun.

**Ath: Jafnvel þótt ráshópur hafi dregist aftur úr vegna týnds bolta, tafa við leit að bolta eða við að fá**



## KEPPNISSKILMÁLAR UM LEIKHRAÐA Á STIGAMÓTARÖÐINI 2019

*úrskurð dómara, er það samt á ábyrgð ráshópsins  
að leika samkvæmt áætluðum leiktíma og að vinna  
upp tafir sem hafa orðið.*